

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Ársskýrsla 2015



MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR
Á SUÐURNESJUM

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	03
Inngangur forstöðumanns	04
Stjórn MSS	07
Starfsfólk MSS	08
Náms fyrir einstaklinga	09
Náms- og starfsráðgjöf	13
Samvinna- starfsendurhæfing	16
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	21
Fyrirtækjaþjónusta	23
Nám fyrir innflytjendur	27
Erlent samstarf	29
Starfstöð MSS í Grindavík	32
Þróunarverkefni	34
Ársreikningur 2015	36

Ávarp stjórnarformanns



Það eru ánægjulegar fréttir að framtíðarmöguleikar Suðurnesja séu miklir þegar horft er til möguleika svæðisins í atvinnumálum, íbúapróun og efnahag.

Í febrúar birtist ný skýrsla frá Nordregio, Landfræðistofnun Norðurlanda en í henni kom fram að Suðurnesin eru í 18. sæti af 74 landsvæðum á Norðurlöndum þegar mat er lagt á framtíðarmöguleika svæðanna. Samkvæmt þessari skýrslu þá er svæðið í 5. sæti yfir þau svæði á landsbyggðinni þar sem framtíðin er hvað björtust á öllum Norðurlöndum. Það hlýtur ekki bara að teljast nokkuð gott heldur verulega ánægjulegt!

Allt frá brotthvarfi hersins af svæðinu hafa Suðurnesjamenn verið að finna nýjar leiðir til að efla menntun og auka atvinnumöguleika svæðisins. Þetta hefur verið sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaga og var þó nokkru fjármagni varið í sóknaráætlanir sem hafa skilað okkur árangri. Í þeirri vinnu hefur MSS verið ómissandi hlekkur og skilað sínu. Staða Suðurnesja hefur batnað mikið miðað við úttekt sem gerð var árin 2010 og 2015 og er eina landsvæðið á Íslandi sem bætir stöðu sína á listanum. Ástæðan fyrir þessari breytingu er m.a. sú að hér hefur ferðamönnum fjölgað hvað mest eða um 176 prósent. Vöxtur svæðisins hefur líka aukist þar sem atvinnuleysi hefur minnkað eða frá því að vera í kringum 13 prósent á árunum 2009 til 2011 og um 9,6 prósent árið 2012. Atvinnuleysi er nú í kringum 3,5 prósent. Það er mikil þörf fyrir vinnuafli og fólki á töluvert auðveldara með að fá vinnu en fyrir örfáum árum. Með þessari breytingu breytast einnig áherslur MSS. Það er mikilvægt að MSS hafi möguleika á að taka mið af aðstæðum hverju sinni og það hefur stofnunin gert. Dæmi er minni þörf fyrir einstaklingsráðgjöf til atvinnuleitenda og í staðinn aukin ráðgjöf til þeirra sem eru að sinna störfum. Aðsókn í dreifi – og fjarnám hefur aukist á kostnað staðnáms sem má rekja til aukinnar atvinnuþátttöku.

Fyrir hönd stjórnar vil ég þakka starfsfólki MSS fyrir frábært starf.
Stjórnarmönnum þakka ég einnig fyrir ánægjulegt samstarf.

Grindavík, maí 2016.
Kristín María Birgisdóttir
Stjórnarformaður MSS

Inngangur forstöðumanns




Það er óhætt að segja að miklar breytingar hafi átt sér stað hjá MSS á undanförunum árum. Eitt af aðalsmerkjum MSS er að vera fljót að aðlagast sig að breyttum aðstæðum í samfélaginu.

Þegar Varnarliðið fór á sínum tíma brást MSS hratt við og var á ótrúlega skömmum tíma farin að sinna starfsfólki sem hafði misst vinnuna. Þegar hið svokallaða hrun varð brást MSS strax við með fjölbreyttu námi og aðstoð við atvinnuleitendur og lagði þar með grunn að enn sterkara starfsfólki sem var tilbúið til að takast á við ný störf þegar þau sköpuðust nokkrum árum síðar. Nú þegar umhverfið hefur breyst aftur og atvinnulífið hefur tekið miklum stakkaskiptum og atvinna hefur aukist jafnt og þétt á svæðinu er starfsfólk MSS um leið reiðubúið til að breyta um stefnu og sinna öðrum markhópum á öflugan hátt. Því var lögð áhersla á það árið 2015 að sinna fyrirtækjum og einstaklingum sem stunda vinnu enn meira en gert hefur verið undanfarin ár.

Fjöldi

Fjöldi viðtala og hópráðgjafa eftir árum




Lögð var áhersla á að koma upp fyrirtækjasíðu og var gefinn út flottur fyrirtækjabæklingur. Í tilefni af því var stjórnendum boðið á hádegisfyrirlestur um hvað gerir fyrirtæki eftirsótt sem vinnustað og var hann afar vel sóttur. Það er gaman að segja frá því að sjómönnum var sinnt af krafti á árinu og komu fjölmargir í raunfærnimat, fyrirtæki í flugstöðinni voru mjög dugleg að nýta sér þjónustu MSS og nokkur Markviss verkefni voru framkvæmd. Fyrirtækjum sem nýta sér þjónustu MSS árlega, fjölga með hverju ári.

Þó áherslan sé á að ná til einstaklinga sem eru í vinnu og stuðla að sí- og endurmenntun þeirra þá gleymast ekki þeir hópar sem standa hvað lakast í samfélaginu. MSS á áfram í mjög góðu samstarfi við Vinnumálastofnun, VIRK, félagsþjónustur og Fjölsmiðjuna enda teljum við MSS vera með mjög öflugt framboð af námi og þjónustu sem nýtist einstaklingum til að koma sér af stað í námi og starfi. Þannig hefur þjónustan við þennan hóp ekki minnkað nema síður sé. Síðla árs var verkefnastaðan hjá Samvinnu ekki mjög góð og leit út fyrir að fáir skjólstæðingar fengju þessi úrræði. Þá sannaðist það sem oft er sagt að samræðan skiptir öllu máli. MSS boðaði hagsmunaaðila á sinn fund til að fara yfir stöðuna og fundaði einnig með ráðgjöfum VIRK. Þessir fundir báru góðan árangur og má segja að augun hafi opnast fyrir hversu fjölbreytta þjónustu hægt er að veita innan Samvinnu sem henta fjölbreyttum hópi skjólstæðinga.

MSS hefur á undanförunum árum tekið þátt í fjölmörgum erlendum verkefnum og má segja að eftirspurn eftir þátttöku MSS á alþjóðavettvangi er meiri en getan til að taka þátt. Þátttaka í erlendum verkefnum er af hinu góða fyrir stofnunina. Verkefnin auka víðsýni starfsmanna, efla námsframboð, skapa innflutningstekjur, er „ódýr“ sí- og endurmenntun fyrir starfsmenn og gefa starfsfólki góð verkfæri sem nýtist í starfinu. Grundtvig verkefnið Negativ er eitt af þeim verkefnum sem MSS hefur tekið þátt í og lauk því á árinu 2015. Hluti af verkefninu var ráðstefna í ágúst sem haldin var í Hljómahöll og mættu um 160 einstaklingar til að hlýða á erindi sem tengjast líkamsvirðingu. Gaman var að sjá að erlent verkefni gaf okkur tækifæri til að halda svona flotta og öfluga ráðstefnu sem fjöldi fagfólks sótti af svæðinu. Sem hluti af þessu sama verkefni fór allt starfsfólk til Berlínar í mars þar sem við m.a. fengum stutt námskeið í trúðsleik (clowning). Það vakti áhuga starfsmanna á þessari aðferðafræði og kom kennarinn um haustið og hélt ýtarlegra námskeið fyrir hluta starfsfólks og aðra áhugasama. Að taka þátt í erlendum verkefnum er krefjandi á sama tíma og það skapar fullt af möguleikum. Til að stofnun sé öflug á þessu sviði er nauðsynlegt að starfsfólk hafi áhuga og getu til að taka þátt, sé sveigjanlegt og tilbúið til að leggja ýmislegt á sig því erlend samvinna getur verið jafn erfið og hún getur verið skemmtileg.

Fjöldi

Fjöldi nemendastunda eftir árum



Ávallt ber að hafa í huga að ekkert fyrirtæki er öflugra en það starfsfólk sem þar starfar. Liðsheildin skiptir öllu máli og að allir beri ákveðna ábyrgð á að fyrirtækið gangi sem best. Ég vil þakka starfsfólki MSS fyrir gott starf á liðnu ári. Það er starfsfólkið sem veitir þjónustu til okkar viðskiptavina sem verður til þess að við fáum m.a. skilaboð á facebook sem þessi „Var að klára prófin í Háskólabrú Keilis í dag og sé fram á að byrja í Háskóla Íslands í haust. Varð fertug á árinu og get seint fullþakkað ykkur fyrir að ég er komin á þann stað sem ég er í dag. Byrjaði óörugg í dreifinámi hjá ykkur í hittifyrri með 2 fötluð börn og hafði alltaf dreymt um að mennta mig meira og fór þaðan beint í Keili og þið öll starfsfólk og kennarar gáfuð mér aukið sjálfstraust að halda áfram! Ég fékk mikla hjálp frá ykkur (er með liðagigt og er í líftæknimeðferð við henni og þið komuð til móts við mig með sér stól og fleiru) og sé fram á að geta komist á vinnumarkaðinn loksins eftir mörg ár á örorku. Takk, takk fyrir að vera með þetta nám sem gefur fólki eins og mér tækifæri á að mennta okkur“. Skilaboð sem þessi eru ómetanleg og minna okkur á að viðmót okkar skiptir máli, að við leitum lausna skiptir máli og að setja viðskiptavininn í fyrsta sæti skiptir öllu máli. Skilaboðin minna okkur á að starf okkar skiptir máli fyrir svo marga. Það er góð tilfinning og er ég þakklát fyrir að fá tækifæri að fá að starfa í umhverfi þar sem við höfum áhrif og líf margra breytist til batnaðar.

Guðjónína Sæmundsdóttir
Forstöðumaður MSS

Stjórn MSS



Stjórn Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum árið 2015

Kristín María Birgisdóttir,
Stjórnarformaður, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Guðbrandur Einarsson,
Varaformaður, Stéttarfélagum.

Ellert Eiríksson,
Atvinnurekendum.

Jóhanna B. Sigurbjörnsdóttir,
Reykjanesbæ.

Kristján Ásmundsson,
Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Varamaður Kristínar:
Puríður Gísladóttir, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Varamaður Jóhönnu:
Kristín Gyða Njálsdóttir, Reykjanesbæ.

Varamaður Guðbrands:
Kristján Gunnarsson, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis.

Varamaður Kristjáns:
Guðlaug M. Pálsdóttir, Fjölbrautaskóli Suðurnesja.

Stjórnin hélt 6 bókaða fundi á árinu 2015.

Starfsfólk MSS



Anna Lóa Ólafsdóttir,
náms- og starfsráðgjafi,
100% starf. *Lét af störfum 1. september.*



Arndís Harpa Einarsdóttir,
náms- og starfsráðgjafi,
93% starf. *Hóf störf 1. október.*



Áslaug Bára Loftsdóttir,
verkefnastjóri,
100% starf. *Hóf störf 9. september.*



Birna Vilborg Jakobsdóttir,
verkefnastjóri atvinnulífs,
87% starf.



Eydís Eyjólfssdóttir,
þjónustufulltrúi,
54% starf.



Guðjónína Sæmundsdóttir,
forstöðumaður,
100% starf.



Hrönn Auður Gestsdóttir,
þjónustufulltrúi,
100% starf.



Jenný Þórkatla Magnúsdóttir,
verkefnastjóri,
100% starf.



Jónína Magnúsdóttir,
náms- og starfsráðgjafi,
100% starf.



Kristinn Þór Jakobsson,
verkefnastjóri,
100% starf.



Kristinn Bergsson,
þjónustufulltrúi, sinnir útköllum
eftir þörfum MSS.



María Rós Skúladóttir,
félagsráðgjafi,
100% starf.



Ragnheiður Eyjólfssdóttir,
verkefnastjóri,
100% starf.



Rannveig Ragnarsdóttir,
félagsráðgjafi,
75% starf.



R. Helga Guðbrandsdóttir,
verkefnastjóri Samvinnu,
100% starf.



Steinunn Jónatansdóttir,
náms- og starfsráðgjafi,
100% starf.



Sveindís Valdimarsdóttir,
verkefnastjóri íslensku námskeiða,
100% starf.



Særún Rósa Ástþórsdóttir,
verkefnastjóri,
100% starf. *Fór í ólaunað leyfi frá 1. september.*



Unnar Sigurðsson,
verkefnastjóri,
100% starf.

Nám fyrir einstaklinga


Flokkurinn Gagn og gaman inniheldur námskeið sem einstaklingar sækja sér jafnan til skemmtunar og fróðleiks.

Gagn og gaman

Þátttaka í þessum námskeiðum var minni þetta árið en á fyrra ári. Föstu handverksnámskeiðin eins og Handmálun og spaði, Ræktun mat- og kryddjurta, Skrautskrift voru á sínum stað og gengu ágætlega. Til gamans má nefna að námskeið í Litatækni fór fram um haustið, en litabækur fyrir fullorðinna hafa slegið í gegn um allan heim og er Ísland engin undantekning í þeim efnum. Því var boðið upp á þetta námskeið til að þjálfa þátttakendur í réttri notkun litanna. Erfiðlega gekk að ná nægilegum fjölda þátttakenda til að hægt væri að koma öðrum tólmstundanámskeiðum af stað.

Fjöldi

Fjöldi þátttakanda í Gagn og gaman eftir árum



MSS býður öðrum námskeiðshöldurum að sjá um ákveðna þjónustu gegn vægu gjaldi og á árinu veittum við Félagi myndlistamanna í Reykjanesbæ þjónustu með skráningar og innheimtu á námskeiðsgjöldum fyrir þau námskeið sem fóru af stað hjá FMR. Einnig er MSS í samstarfi við Þekkingarsetur Suðurnesja og auglýsir MSS námskeið fyrir setrið og sér um skráningu en Þekkingarsetur Suðurnesja sér um aðra umsýslu vegna þessara námskeiða.


Í heild sinni voru haldin 15 námskeið í flokknum Gagn og gaman, en þó með færri þátttakendum en á fyrra ári eða 27 % fækkun.

Tungumál

Tvö tungumálanámskeið fóru af stað á árinu 2015, Norska I og eitt námskeið í ensku fyrir útlendinga, en þó var einnig boðið upp á spænsku og ensku tal en ekki náðist næg þátttaka.

Fjöldi

Fjöldi þátttakanda á tungumálanámskeiðum eftir árum




Tölvunám

Tölvunámskeið árið 2015 voru 3 talsins sem skiptust þannig að Outlook og Ipad námskeið voru haldin á vorönn, en MySchool námskeið á haustönn. Það voru 24 einstaklingar sem sóttu þessi námskeið sem er mikil fækkun frá árinu á undan.

Fjöldi

Fjöldi þátttakanda á tölvunámskeiðum eftir árum



Fjarnám


Það voru um 119 nemendur sem nýttu sér aðstöðu hjá MSS til að stunda fjarnám á vorönn 2015 en 113 á haustönn 2015 og var aukning frá árinu áður eða um 13%. Aðstaðan og þjónustan sem fjarnemar geta nýtt sér hjá MSS er margvísleg og má nefna aðstöðu til lærdóms og próftöku ásamt því að sækja kennslu í gegnum fjarfundabúnað. Einnig fá nemar aðgengi að þjónustu náms- og starfsráðgjafa MSS, prentþjónustu og aðstoð varðandi ýmis tilfallandi atriði tengd náminu sem koma upp.

Alls voru haldin 216 próf á árinu sem MSS hafði umsjón með fyrir Háskólann á Akureyri, Bifröst, Háskóla Íslands, Háskólinn í Reykjavík og Høgskolen i Sørøst Norway, skipulag, undirbúningur og yfirseta í prófunum var í höndum MSS.

Það voru 14 fjarnemar frá HA sem útskrifuðust vorið 2015 úr viðskiptadeild, kennaradeild, félagsvísindadeild og iðjupjálfunarfræðideild. Háskólahátíð var haldin þann 17. júní í Kirkjulundi fyrir útskriftarnemendur.

Fjöldi

Fjöldi fjarnemanda eftir árum



Náms- og starfsráðgjöf

Þrír náms- og starfsráðgjafar voru starfandi hjá miðstöðinni á árinu. Helstu verkefni þeirra voru ráðgjöf til einstaklinga og hópa, kennsla í námsleiðum og raunfærnimat. MSS er með þjónustusamning við Fræðslusjóð til að geta sinnt þessari þjónustu og tekur umfang þjónustunnar mið af þeim samningi.

Ráðgjafar hafa eflt þjónustu enn frekar á námsleiðum MSS og aukið vægi náms- og starfsráðgjafar með sjálfstyrkingu og námstækni inni á námsleiðunum. Þá hafa ráðgjafarnir farið meira út í fyrirtækin og var markmiðið að efla náms- og starfsráðgjöf á vinnustöðum.

Allir starfsmenn MSS eru samstarfsaðilar ráðgjafa þar sem þeir beina fólki sem þess þurfa í ráðgjöf og leita jafnframt ráða sjálfir um hin ýmsu málefni. Þá eru starfsmenn Vinnumálastofnunar líka meðvitaðir um að benda fólki á ráðgjöfina. Samvinna -starfsendurhæfing er orðin hluti af starfsemi MSS og ráðgjafar sinna því þátttakendum þar áfram. Samstarf við Virk og félagsþjónustu Sandgerðis, Garðs og Voga og Reykjanesbæ heldur sínum sessi.



Einstaklingsráðgjöf

Ráðgjöf til einstaklinga í atvinnuleit hefur farið minnkandi í takt við minnkandi atvinnuleysi. Þá hefur ráðgjöf til einstaklinga í starfi aukist að sama skapi.

Stærsti hópurinn sem leitar ráðgjafa eru þeir sem ekki hafa lokið námi í framhaldsskóla. Marga langar að mennta sig meira og hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að meta og finna leiðir fyrir viðkomandi til að ljúka framhaldsskólamenntun. Menntastoðir hafa notið mikilla vinsælda og gera einstaklingum kleift að komast inn í formlega skólakerfið á ný. Aðsókn í dreifi – og fjarnám hefur aukist á kostnað staðnáms sem má rekja til aukinnar atvinnuþátttöku.

Ráðgjöf til einstaklinga frá félagsþjónustu Reykjanesbæjar sem og félagsþjónustu Garðs, Sandgerðis og Voga var þó nokkur á árinu. Einnig sinntu ráðgjafar einstaklingsviðtölum við starfsmenn Vísis hf. í Grindavík og Allt hreint, sem var hluti af þarfagreiningum hjá fyrirtækjunum. Þá nýtti töluverður hópur sem fór í gegnum raunfærnimat í hinum ýmsu greinum sér einstaklingsráðgjöf í matsferlinu og í framhaldi af því.

Ráðgjafar MSS fóru með kynningar á leikskólana á svæðinu ásamt fyrirtækjasviði MSS. Einnig var farið þó nokkrar kynningar í verslanir og þjónustufyrirtæki. Kynningar í sjávarútvegsfyrirtæki voru töluverðar í tengslum við raunfærnimat í fisktækni.

Hópráðgjöf

Hópráðgjöf hefur verið nokkur í samstarfi við VMST en hefur farið minnkandi og sérstaklega á haustönninni. Námskeiðin hafa haldið sama skipulagi og árið 2014, þar sem farið er í þætti eins og ferilskrágerð, kynningabréf, markmiðasetningu ásamt því að efla starfsleitarhæfni einstaklinga. Hópráðgjöfin er skipulögð í 4x3 klukkustundir yfir 2ja vikna tímabil þar sem unnið er í hóp og þátttakendur fá síðan einstaklingsviðtal í lok tímabils. Einnig er hringt í þátttakendur tveimur mánuðum eftir að námskeiði lýkur, til eftirfylgni við þá. Hópráðgjöfin gengur vel og stefnt er að áframhaldandi samstarfi við VMST.

Raunfærnimat

Raunfærnimat í fisktækni/fiskeldisbraut

Raunfærnimati í fisktækni/fiskeldisbraut lauk á vorönninni, þar sem 13 einstaklingar fóru í gegnum matið. Var það hluti af IPA verkefni sem leyfi fékkst til að flytja frá árinu 2014.

Sjósókn

Raunfærnimat í fisktækni var framkvæmt allt árið í samstarfi við Símei, Iðuna, Mími og Visku og var raunfærnimatið hluti af verkefninu Sjósókn. Alls fóru 57 einstaklingar í gegnum matið en markmiðið fyrir árið var að meta 95 einstaklinga. Samstarf við Fræðslunet Suðurlands um raunfærnimat í fisktækni á Höfn í Hornafirði var samþykkt í desember. Matið tókst í flestum tilvikum mjög vel en ferlið var að mörgu leiti frábrugðið hefðbundnu ferli raunfærnimats. Breytingin fólst aðallega í því að ferlið tók lengri tíma og ráðgjöfin var að mestu leyti rafræn. Ástæðan er sú að þátttakendur voru flestir sjómenn í starfi og erfitt að ná þeim saman í hóp á sama stað á sama tíma.

Allir einstaklingar sem hafa farið í gegnum raunfærnimat í fisktækni hjá MSS á árinu hafa fengið eftirfylgni og gaman er frá því að segja að yfir helmingur hefur nýtt sér matið til áframhaldandi náms, bæði lokið fisktæknináminu sem og haldið áfram í annað nám, t.d. gæðastjórnun og Marel vinnslutækni.

Ljóst er að raunfærnimat er mjög góð leið til að þess að staðsetja sig inn í formlega skólakerfið þar sem einstaklingar njóta styrks af starfsreynslu sinni og fá raunfærni sína metna. Ávinningurinn skilar sér bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið.

Samvinna


– starfsendurhæfing

Samvinna starfsendurhæfing styður við einstaklinga sem þurfa á aðstoð að halda vegna veikinda, slysa og/eða félagslegra erfiðleika við endurkomu á vinnumarkaðinn.

Markmið Samvinnu er að efla einstaklinga til vinnu, stuðla að auknum lífsgæðum þeirra og fjölskyldna þeirra, með það að leiðarljósi að viðkomandi fari í atvinnu eða nám að endurhæfingu lokinni. Í endurhæfingunni er unnið á heildrænan hátt út frá líkamlegum og sálfélagslegum þáttum einstaklingsins og leitast er við að finna heildstæða úrlausn á vanda hvers þátttakanda. Eitt af lykilatriðum í endurhæfingunni er að hver þátttakandi hefur sinn ráðgjafa sem er tengiliður hans við aðrar stofnanir sem koma að hans málum. Þátttakandi mætir reglulega í viðtöl til ráðgjafa síns þar sem lagt er mat á stöðu hans, markmið og leiðir. Fjórir ráðgjafar voru starfandi við deildina, tveir þroskapjálfar og tveir félagsráðgjafar.


Fjöldi

Fjöldi þátttakanda



Fjöldi þátttakenda var breytilegur eftir mánuðum eins og sjá má á mynd 1. Þátttakendur voru 85 þegar mest var í febrúar og 31 þátttakandi var í lok árs 2015.

Erfitt er að skýra þennan mun en nýir samningar MSS við Virk starfsendurhæfingarsjóð gæti hafa haft áhrif á tilvísandir sem bárust til Samvinnu í lok árs. Karlmennt eru í auknu mæli að nýta sér þjónustu Samvinnu og eins og sjá má á mynd 2 er kynjaskiptingin orðin nokkuð jöfn á milli kvenna og karla.




Endurhæfingarleiðir – innihald

Innihald endurhæfingarlína var með hefðbundnum hætti. Boðið var upp á Sumarlínu, Grunnlínu, auk Náms- og Atvinnulínu. Náms- og Atvinnulína eða leið 2 var keyrt meira saman til að standa undir kostnaði við verktaka og meðferðaraðila sem koma að starfinu.

Einnig var boðið upp á Hreysti sem var sett af stað sem þróunarverkefni og var boðið upp á það bæði á vor og haustönn. Leitast var við að hafa innihaldið fjölbreytt en megináhersla var á heilsu- tengda þætti.

Fjöldi — Náms/atvinnulína Sérnsniðin Hreysti Grunnlína Sumarlína **Fjöldi í endurhæfingu**



Sérsniðin endurhæfing


Að venju var hluti af þátttakendum Samvinnu í sérsniðinni endurhæfingu. 22 einstaklingar voru á vegum Samvinnu, 27 einstaklingar í starfspjálfun á vinnustað og 5 einstaklingar í hlutastarfi með stuðningi. Samstarf við fyrirtæki á Suðurnesjum er gott og alltaf bætast ný fyrirtæki í hóp samstarfsaðila.

Menntastofnun	Fjöldi
MSS - Menntastoðir	17
MSS - Sölu- og markaðsnám	1
FS	1
NTV - Skrifstofunám	1
Keilir	1
Prómennt	1
Samtals	22
Sérsniðin endurhæfing	Fjöldi
MSS - Menntastoðir	27
Stuðningur í starfi	5
Samtals	32

Nýir samningar við Virk starfsendurhæfingarsjóð

MSS er með samning við Virk starfsendurhæfingarsjóð um starfsendurhæfingu fyrir þátttakendur og allar tilvísanir til Samvinnu koma frá Virk. Nýr samningur tók gildi 1. október 2015, með áherslu á að einfalda pantanir til starfsendurhæfingar og koma betur til móts við þarfir þátttakenda. Frá 1. október var hægt að panta þrjár leiðir, mat á stöðu einstaklings, einstaklingsmiðaða þverfaglega endurhæfingu og eftirfylgd. Innifalið í einstaklingsmiðaðri endurhæfingu er öll sérfræðipjónusta eins og viðtöl hjá sálfræðingi, fjölskylduráðgjafa, fjármálaráðgjöf og sjúkrapjálfun.

Fjöldi — Einstaklingsmiðuð endurhæfing ■ Mat á stöði ■ Eftirfylgd ■ **Fjöldi í endurhæfingu**



Endurhæfingarleiðir frá 1. október 2015.

Fækkun var á tilvísunum eftir nýja samninga við Virk starfsendurhæfingarsjóð, fundað var með ráðgjöfum Virk og ákveðið var að koma til móts við Virk með því að taka á móti tilvísunum allt árið og hætta að hafa ákveðnar endurhæfingarlínur í gangi. Jafnframt var fundað með fulltrúum stéttarfélaganna og lífeyrissjóða á Suðurnesjum vegna þeirra stöðu sem blasti við Samvinnu þar sem fáar tilvísanir voru komnar fyrir nýtt ár. Ráðgjafar deildarinnar fóru í endurskipulagningu á starfinu, sex vikna stundatöflur búnar til með svipuðu innihaldi og áður var en þátttakendum gefst þá tækifæri á að setja upp sína eigin stundatöflu út frá sínum styrkleikum og hindrunum. Ráðgjafar deildarinnar leggja mikinn metnað í að sinna þátttakendum vel með það að markmiði að mæta þörfum hvers og eins. Þeir vinna með þátttakendum við að leysa úr margvíslegum vanda með fjölbreyttum leiðum í endurhæfingunni.


Fullorðinsfræðsla fatlaðra

MSS er með samning við Fjölmennt um námskeiðahald fyrir fullorðið fatlað fólk á Suðurnesjum. Starfið er fjölbreytt og ágætlega sótt.

Gott samstarf hefur verið við Björgina geðræktarmiðstöð Suðurnesja með námskeiðið Hugur og heilsa sem stóð yfir í fimm vikur á hvorri önn. Á námskeiðunum var farið yfir mikilvægi þess að stunda hollan lífsstíll, auk þess sem fjallað var um samskipti, drauma, markmið og skapandi hugsun. Einnig fengu nemendur kynningu á því námi sem fram fer hjá MSS og kynningu á Samvinnu starfsendurhæfingu.

Fjöldi

Fjöldi þátttakanda í fullorðinfræðslu fatlaðra eftir árum



Samtals voru kenndar 60 kennslustundir á hvoru námskeiði en auk þeirra fengu nemendur viðtal hjá iðjupjálfa sem starfar í Björginni í byrjun námskeiðs og eftir námið stóð til boða að sækja viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa MSS.

Önnur verkefni sem haldin voru á árinu voru: leiklistarnámskeið í samvinnu við List án landamæra sem endaði með því að sýning var haldin í Frumleikhúsinu hjá Leikfélagi Keflavíkur, söngnámskeið var haldið sem var mjög vel sótt og í lok námskeiðs héldu nemendur notalega aðventustund og buðu starfsfólki að Krossmóa 4a að hlýða á jólasöng. Farið var af stað með umræðuhóp fyrir ungt fólk á aldrinum 20 – 40 ára þar sem m.a. var boðið upp á lífsstílsfræðslu fyrir umræðuhópinn.

Fullorðinsfræðsla fatlaðra tók fullan þátt í Ljósanótt og fór af stað myndlistarnámskeið í byrjun ágúst þar sem þemað var Ljósanótt. Lokapunkturinn var opnun sýningar á fimmtudeginum fyrir Ljósanótt og fékk sýningin heitið Myndlist á trönum. Sýningin hékk uppi í viku og voru fjölmargir sem komu við og skoðuðu listaverkin.



Fyrirtækjaþjónusta

Fyrirtækjasvið MSS sinnir fjölbreyttri þjónustu við atvinnulíf á Suðurnesjum og býður fyrirtækjum og stofnunum á svæðinu þjónustu við fræðslu og uppbyggingu starfsmanna.

Árið 2015 var unnið sérstaklega í markaðsmálum fyrir fyrirtækjasviðið og meðal annars gefinn út veglegur bæklingur með þjónustuframboðinu ásamt því að ný heimasíða fyrirtaeki.mss.is fór í loftið.

Námskeið fyrir fyrirtæki

Viðskiptavinum stendur til boða fjölbreytt úrval námskeiða hjá MSS. Algengast er þó að námskeið séu sérsniðin eftir þörfum hvers fyrirtækis hverju sinni. Hér verða talin upp helstu námskeið ársins 2015:

Airport Associates

Sérhannað námskeið um móttöku nýliða var hannað fyrir fyrirtækið og tóku hátt í 100 starfsmenn þátt í námskeiðinu. Airport Associates tók einnig þátt í verkefninu. Fræðslustjóri að láni á haustönn 2015 og í framhaldi af því verða töluvert mörg námskeið haldin fyrir fyrirtækið árið 2016.

IGS

Fjölmörg námskeið voru haldin fyrir IGS eins og oft áður. Tvö námskeið um áhrif streitu, 8 námskeið um vellíðan í vinnu og samskiði á vinnustað og 12 skyndihjálparnámskeið. Samtals sóttu um 450 manns þessi námskeið

Nesvellir

Skyndihjálparnámskeið og námskeiðið Samskiði og líðan í starfi voru haldin fyrir starfsmenn í heimaþjónustu. Samtals 33 starfsmenn.

Skólamatur

MSS hefur undanfarin ár séð um skipulagningu og utanumhald með fræðsluviku sem fyrirtækið heldur í ágúst ár hvert, engin breyting var á því árið 2015 og var vikulöng dagskrá með samblandi af starfstengdum námskeiðum og námskeiðum sem stuðla að aukinni persónulegri færni fyrir um 40 starfsmenn fyrirtækisins sem starfa í skólaeldhúsum víðsvegar. Einnig kom starfsfólk úr eldhúsi fyrirtækisins á námskeið í árslok þar sem farið var í skyndihjálp og samskipti. Samtals um 55 starfsmenn.

Legardé Travel Retail

Þjónustunámskeið var haldið fyrir 75 starfsmenn fyrirtækisins.

Samkaup

Outlook tölvunámskeið fyrir 8 starfsmenn á skrifstofu fyrirtækisins.

Holtaskóli

Lifandi nám – skapandi kennsla -námskeið sem var sótt af 8 kennurum.

Rammagerðin

Fræðsluáætlun fyrir árið 2015 var sett upp fyrir Miðnesheiði ehf. sem rekur verslun Rammagerðarinnar og 66°N í flugstöðinni og í Reykjavík. Haldin var tvö sölunámskeið, tvö sjálfsstyrkingarnámskeið, tvö þjónustunámskeið og tvö námskeið í markmiðasetningu hópa. 20 starfsmenn fyrirtækisins sóttu öll þessi námskeið.

Vísir

60 kennslustunda grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk hófst hjá Vísir hf. í byrjun janúar og lauk á árinu. 25 starfsmenn sóttu námskeiðið.

Starfsmenn MSS voru duglegir að sækja sér ýmiskonar endurmenntun og námskeið á árinu saman og í sitthvoru lagi. Þau námskeið sem haldin voru hér hjá MSS fyrir starfsmennina voru námskeið varðandi seiglu, speglaða kennslu, streitu, clowning, innri hvata og námskerfið Myschool.



Fræðslustjóri að láni

Hjá MSS starfa tveir starfsmenn sem sinna verkefni sem nefnist Fræðslustjóri að láni. Fyrirtækjum býðst að taka þátt í verkefninu og fá til sín fræðslustjóra að láni endurgjaldslaust, en verkefnið er greitt af starfsmenntasjóðum stéttarfélaganna. Í fræðslustjóraverkefnum eru myndaðir rýnihópar úr öllum deildum fyrirtækisins og gerð greining á fræðsluþörfum innan fyrirtækisins og í framhaldinu útbúin fræðsluáætlun til oftast þriggja ára. Með verkefninu er fræðslustarf fyrirtækja gert markvissara og því komið í ákveðinn farveg. Í framhaldi af slíkum verkefnum sér MSS mjög oft um skipulagningu og utanumhald stakra námskeiða í fræðsluáætluninni og gott samstarf skapast milli fyrirtækisins og MSS.

Árið 2015 fóru þrjú fræðslustjóra verkefni af stað hjá Vísi hf., Allt hreint og Airport Associates. Einnig var farið í almenna þarfagreiningu með HS Orku þar sem fræðsluþarfir allra starfsmanna voru kannaðar með rafrænni könnun og einnig voru þarfir starfsmanna í Svartsengi kannaðar sérstaklega með rýnihópavinnu.

Önnur fyrirtæki sem hafa farið áður í gengum Fræðslustjóra að láni í samstarfi við MSS eru meðal annars Olís, Eimskip, ISS, Olúdreifing, Íslenska gámafélagið, Nesfiskur, Skólamatur og Kaffitár.

Fyrirlestrar í atvinnulífinu

MSS býður upp á stutta og hnitmiðaða fyrirlestra um ýmis málefni, t.d. hamingju í lífi og starfi, starfslok, vellíðan og samskipti, seiglu, einelti og kynferðislega áreitni og margt fleira. Haldnir voru stuttir fyrirlestrar fyrir starfsfólk Isavia, Vísis hf., Grindavíkurbæjar auk þess sem MSS bauð stjórnendum fyrirtækja og stofnanna á opinn hádegisfyrirlestur þar sem fjallað var um hvað gerir fyrirtæki eftirsóknarverð í hugum starfsmanna og hvernig hægt er að halda í hæft og gott starfsfólk. Um 40 stjórnendur af svæðinu mættu á hádegisfyrirlesturinn. Í heildina sóttu um 170 starfsmenn fyrirlestrana sem taldir voru upp hér að ofan.

Styrkumsóknir

MSS kynnir starfsmenntastyrki fyrir fyrirtækjum og stofnunum og býður aðstoð við að sækja styrki vegna fræðslu og námskeiða fyrir starfsfólk. Með þessum hætti auðveldar MSS fyrirtækjum vinnu og umsýslu vegna námskeiðahalds og einnig er algengt að fyrirtæki viti ekki um þá styrki sem í boði eru til niðurgreiðslu þegar kemur að fræðslu fyrir starfsfólk. Fyrirtæki eru mjög ánægð með þennan lið í þjónustu MSS og nýta langflestir viðskiptavinir MSS sér þessa þjónustu.

Námsráðgjöf á vinnustað

Náms- og starfsráðgjafar hjá MSS fara reglulega í heimsóknir á vinnustaði, kynna námsráðgjöf og veita einstaklingsviðtöl. Starfsmenn fyrirtækjasviðs kynna einnig þennan möguleika í sínum fyrirtækjaheimsóknum. Viðtölin eru einstaklingum að kostnaðarlausu og áhersla er lögð á hvatningu til virkrar símenntunar, að upplýsa starfsfólk á vinnumarkaði um námsmöguleika, og stuðla að starfsþróun. Fjölmörg fyrirtæki á Suðurnesjum hafa fengið heimsókn og kynningu og fjölmargir starfsmenn nýtt sér það að koma í námsráðgjöf hjá einhverjum af þremur náms- og starfsráðgjöfum MSS.

Markþjálfun

Hjá MSS er starfandi markþjálfari, markþjálfun er aðferðafræði sem miðar að því að laða fram það besta sem býr í hverjum manni. Með hjálp markþjálfara er einstaklingurinn leiddur í gegnum samræðuferli þar sem leitað er leiða til nýrra lausna. Markþjálfinn stýrir einungis ferlinu og leiðir viðskiptavininn sjálfan að lausninni. Að geta boðið upp á markþjálfun er ánægjuleg viðbót við þá þjónustu sem fyrir er hjá MSS.

Nám fyrir innflytjendur

Alls sóttu 270 nemendur almenn 60 kennslustunda íslenskunámskeið á árinu 2015. Þar af voru 143 nemendur á vorönn og 127 nemendur á haustönn. Af þeim fjölda voru 47 nemendur á hvorri önn úr Grindavík, þar sem kennslan fór einnig fram.

Vorönn 2015	Haustönn 2015
Íslenska 1 = 32 nemendur	Íslenska 1 = 70 nemendur
Íslenska 2 = 46 nemendur	Íslenska 2 = 24 nemendur
Íslenska 3 = 43 nemendur	Íslenska 3 = 25 nemendur
Íslenska 4 = 14 nemendur	Íslenska tal = 8 nemendur
Íslenska tal = 8 nemendur	

Íslenskunámskeiðunum er skipt upp í Íslensku 1-5 ásamt sérstökum talnámskeiðum og var skiptingin á árinu eftirfarandi:

Alls voru haldin 23 námskeið og voru 9 kennarar að meðtöldum verkefnastjóra að störfum við íslenskukennsluna á árinu. Mikill meirihluti nemenda kom á eigin vegum í námið en rúmlega 60 nemenda voru hælisleitendur á vegum Reykjanesbæjar og 55 nemendur komu í nám á vegum Vinnumálastofnunar auk þess sem 5 nemendur komu á vegum Virk.

Þá sóttu 23 nemendur Landnemaskóla, þar af 11 nemendur á vorönn og 12 nemendur á haustönn. Um er að ræða 120 kennslustunda nám, þar sem íslenska er megin viðfangsefnið en fléttað er inn í námsefnið sjálfstyrkingu, samfélagsfræðslu, upplýsingamennt og ferilskrá.

Hluti af starfi okkar hjá MSS er að veita nemendum ráðgjöf og aðstoð eftir þörfum í námi og starfi. Á árinu 2015 leituðu sér um 30 erlendir nemendur sér ráðgjafar.



Þá er það orðinn ríkur hluti af starfi okkar í MSS að tengjast ólíkum menningarþjóðum ýmist í gegnum Evrópuverkefni eða nemendur okkar. Eitt að eftirminnilegum verkefnum á árinu var heimsókn frá Síberíu en okkur var boðin kynning á siðum og venjum í Síberíu og í tengslum við þá kynningu var boðið upp á síberíska súpu á hádegisverðarfund. Tengslin má rekja til íslenskunema í MSS en sambærileg kynning átti sér stað á Norðurslóðaráðstefnu sem haldin var í Hörpu í haust.

Þá eru þrjú Evrópuverkefni í gangi sem öll tengjast eflingu íslensks talmáls og má þar nefna Lingua Café sem unnið er í samvinnu við Finnland, Litháen, Lettland og Eistland. Er það verkefni í undirbúningi og mun hefjast næsta vor í samstarfi við kaffihús í bænum.

Erlent samstarf

Leonardo – CAPWIN

MSS hóf 2ja ára verkefni, CAPWIN, með sjö öðrum samstarfslöndum árið 2013. Markmiðið með verkefninu er að sporna við brottfalli nemenda á hvaða skólastigi sem er með áherslu á eigin ákvarðanatöku og ábyrgð. Innleidd verður aðferð sem nýtist fagfólki sem vinnur með brottfallsnemendum og snýr að greiningu á ákvarðanatöku og því að sjá sjálfan sig sem virkan geranda í eigin lífi. Verkefninu er stýrt frá Frakklandi. Haldnir voru þrír fundir á árinu, í Grikklandi, á Íslandi og í Frakklandi. Verkefninu lauk á árinu.

Leonardo – Coach 4 me

MSS hóf 2ja ára verkefni, Coach 4 me, með fimm öðrum samstarfslöndum árið 2013. Markmiðið með verkefninu er að kynna og þróa aðferðir sem geta aðstoðað leiðbeinendur og kennara við að takast á við áskoranir, stórar sem smáar, sem gætu skapast í kennslustofunni. Verkefninu er stýrt frá Tyrklandi. Haldnir voru tveir fundir á árinu, á Ítalíu og í Póllandi. Verkefninu lauk á árinu.

Grundtvig – NEGATIVE

Negative verkefnið fjallar um áhrif neikvæðrar líkamsmyndar á andlega líðan ungs fólks, sjálfsmynd og velgengni í lífinu. Rannsóknir sýna tengsl milli neikvæðrar líkamsmyndar og erfiðleika af sálfræðilegum toga sem síðan hefur áhrif á nám og námsframvindu. Markmið verkefnisins voru að tengja saman rannsakendur og fagaðila sem vinna með ungu fólki og efla þannig þekkinguna varðandi þá áhættuþætti sem tengjast neikvæðri líkamsmynd og áhrif líkamsímyndar á nám og störf. Verkefninu var stýrt frá Noregi. Í ágúst 2015 hélt MSS ráðstefnu fyrir fagfólk af svæðinu sem bar heitið: Líkamsfrelsi, jákvæð líkamsmynd/öflug sjálfsmynd. Sóttu 160 einstaklingar ráðstefnuna sem þótti vel heppnuð og þörf. Verkefninu lauk á árinu.

Leonardo - ELVETE

Employer Led Vocational Education and Training in Europe er 36 mánaða verkefni sem háskólinn í Wolverhampton í Bretlandi stýrir og koma 12 evrópskir samstarfsaðilar að verkefninu. Markmið verkefnisins er að vekja athygli á góðum starfsháttum í starfsnámi og þjálfun ungs fólks með því að deila upplýsingum og reynslusögum. Áhersla er lögð á að skoða hvernig samstarfi við fyrirtæki í atvinnulífinu er háttað, einkum ef það hefur skilað sér í breytingum eða aðlögun á námsskrám að þörfum atvinnulífsins. Einn fundur var haldinn á árinu, í Litháen.

Erasmus+ - Flip the Classroom

MSS hóf 2ja ára verkefni, Flip the Classroom, með fimm öðrum samstarfslöndum í desember 2014. Markmiðið með verkefninu er að læra um vendikennslu og hvernig nota eigi tæknina. Búa á til námsefni til að nota í tungumálakennslu. Verkefninu er stýrt af MSS. Haldinn var einn fundur á árinu í verkefninu og var hann á Íslandi. Einnig var haldið fimm daga námskeið fyrir kennara og verkefnastjóra um tæknina og hvernig hægt er að nýta hana í vendikennslu. Námskeiðið var haldið á Íslandi.

Nordplus Horisontal – The Nordic study Lab

The Nordic study Lab er 12 mánaða norrænt, verkefni þar sem markmiðið er að samstarfsaðilar læri af hver öðrum á sviði fjarkennslu og námsvera. Verkefnið byggist á því að skoða og sjá hvað aðrir eru að gera og nýti sér það til að bæta sína þjónustu. Haldnir voru þrír fundir á árinu, í Svíþjóð, á Ísland og í Noregi.

Erasmus+ – Speaking for yourself

Speaking for yourself er samstarfsverkefni fimm Evrópuþjóða, þ.e. Spánverja, Belga, Svía, Hollendinga og Íslendinga. Verkefnið snýst fyrst og fremst um það að skoða með hvaða hætti má bæta og auka hina eiginlegu talkennslu og þjálfun í tungumálanámi og skoða mismunandi aðferðir og leiðir til að efla nemendur á því sviði. Hluti af verkefninu felst í því að skoða kennsluaðferðir og reynslu tungumálakennara í fullorðinsfræðslu. Þá snýst verkefnið um að útbúa verkfærakistu „toolbox“ sem nýta má við mat á talfærni. Haldinn var einn fundur á árinu, á Spáni. Verkefnið hófst árið 2014 en MSS tók við verkefninu af Farskóla norðurlands vestra fyrrihluta árs 2015.

Erasmus+ – TELLE

TELLE er samstarfsverkefni fimm Evrópuþjóða, þ.e. Finnlands, Noregs, Eistlands, Þýskalands og Íslands. Verkefnið snýst um endurmenntun starfsmanna, kennara, verkefnastjóra og getur hvert land sent fimm þátttakendur á námskeið sem varir í fimm daga í hverju landi. Einnig fara kennarar á milli landa og halda námskeið. Haldið var eitt námskeið á árinu og fóru tveir starfsmenn MSS og tveir verktakar á námskeið í Stavanger í Noregi á vegum MSS.

Erasmus+ - GOAL


Goal (Guidance and Orientation for Adult Learners) er 36 mánaða verkefni stýrt frá Belgíu. Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins stýrir verkefninu á Íslandi en MSS ásamt Mími símenntun eru framkvæmdaraðilar. Verkefnið snýr að því að þróa ráðgjöf fyrir fullorðna námsmenn í gegnum alþjóðlegt samstarf. Meginþættir verkefnisins snúa að því að koma á og þróa tengslanet milli hagsmunaaðila/stofnana eða bæta það sem fyrir er ásamt því að skilgreina árangursríkar leiðir til að virkja markhópin. Unnið verður að því að þróa sérstakar aðferðir eða tæki fyrir þjónustu náms- og starfsráðgjafar sem beinist helst að þeim sem sækja síður í nám. Verkefnið hófst í febrúar 2015.

Erasmus+ - Café Lingua

MSS hóf 2ja ára samstarfsverkefni með þremur öðrum samstarfslöndum árið 2015. Verkefninu er stýrt frá Finnlandi. Markmiðið er að þjálfa tungumálanotkun innflytjenda með því að setja upp tungumálakaffi og skapa þannig aðstæður til að þjálfa upp talmál. Einnig er markmiðið að stuðla að fjölmennningarlegu umhverfi og skilning á milli ólíkra þjóða. Haldinn var einn fundur á árinu í Finnlandi.

Erasmus+ – Let's study

MSS hóf 2ja ára samstarfsverkefni með sjö öðrum samstarfslöndum árið 2015. Verkefninu er stýrt frá Litháen. Markmiðið er að gera skil á góðum starfsháttum í starfsnámi fyrir fólk með fatlanir. Haldinn var einn fundur á árinu í Vilnús í Litháen. Fulltrúi Íslands sá sér ekki fært að fara á fundinn en tók þátt í fundinum með tengingu gegnum Skype.




Starfsstöð MSS í Grindavík

Árið 2015 var fimmta ár starfsstöðvar MSS í Grindavík. Vorönn 2015 hófst með Grunnnámskeiði fyrir fiskvinnslufólk sem var kennt fyrir starfsfólk hjá Vísis hf.

Einnig var árlegur fræðsludagur Vísis hf. haldinn í byrjun janúar og var skipulag dagsins í höndum starfsstöðvar MSS í Grindavík. Þar var boðið uppá fyrirlestra í sjálfsstyrkingu, samstarfi og samskiptum á vinnustað og loks var fræðslufyrirlestur um heilsusamlegan lífsstíl þar sem þátttakendur settu sér heilsumarkmið fyrir árið 2015.

Fjöldi

Fjöldi þátttakanda í fullorðinfræðslu fatlaðra eftir árum



Fremur dræm aðsókn var í námskeið í Grindavík. Námskeiðið Enska fyrir útlendinga fór af stað og var þar um að ræða 24 kennslustunda námskeið fyrir erlenda þátttakendur sem voru á byrjunarreit í ensku. Námskeiðið var kennt eitt kvöld í viku og létu þátttakendur vel af. Þrátt fyrir dræma aðsókn í almenn námskeið var aðsókn í íslenskunámskeið fyrir útlendinga góð og voru á árinu haldin sjö hefðbundin 60 kennslustunda íslenskunámskeið á mismunandi styrkleikastigum allt frá fyrsta stigi þar sem þátttakendur voru að taka sín allra fyrstu skref í málinu og upp í styrkleikastig þar sem þátttakendur voru altalandi og þörfnuðust þjálfunar í ritun og málfræði.

Þróunarverkefni

Færni í ferðapjónustu – fjarnám

Markmið verkefnisins er að þróa námsefni úr námsleiðinni Færni í ferðapjónustu I og aðlagja hana að fjarkennslu með snjallsímataækni í huga þ.e spjalddölvur og snjallsíma.

Fjarnám í færni í ferðapjónustu skapar svigrúm og úrræði til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsmanna og veitir einstaklingum sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku, framhaldsfræðslu þar sem tekið er mið af ójafnri stöðu þeirra og hæfni.

Verkefnið er styrkt af Próunarsjóði framhaldsfræðslunnar. Verkefnið hófst vorið 2014 og er enn í vinnslu.

Gæðahandbók fyrir starfsnám

Verkefnið felur í sér að útbúa gæðahandbók og þróa betur starfsnám á vegum Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum sem nýtist bæði fyrirtækjum og einstaklingum. Handbókin yrði leiðbeinandi í starfi fyrir fyrirtækin og innihéldi ákveðin gæðaviðmið og verkefni sem einstaklingur innir af hendi. Handbókin er jafnframt hagnýtt matstæki með fyrirfram skilgreindum hæfniviðmiðum. Þannig yrði lagt mat á þátttöku einstaklings, námstækifæri, starfshæfni og ábyrgð, möguleika á áframhaldandi námi auk reynslu og upplifun beggja aðila.

Markmið verkefnisins eru:

1. Að útbúa gæðahandbók sem ætluð er einstaklingum í starfsnámi og fyrirtækjum er sinna starfsþjálfun. Handbókin væri bæði leiðbeinandi í ferlinu og hagnýtt matstæki.
2. Að þróa markvisst starfsnám sem skilar árangursríku og hagnýtu starfi.
3. Að efla samstarf MSS við fyrirtæki með öflugri kynningu á starfsnámi.
4. Að styrkja stöðu einstaklinga sem hafa litla skólagöngu að baki og auka tækifæri þeirra á vinnumarkaði og/eða í námi.

Verkefnið er styrkt af Próunarsjóði framhaldsfræðslunnar. Verkefnið hófst vorið 2015 og er enn í vinnslu.

Vendikennsla í Íslensku I

Yfirfara á námsefnið í Íslensku 1 fyrir alla, með það fyrir augum að búa til ítarefni á stafrænu og myndrænu formi sem eykur áhuga nemenda og gerir þeim auðveldara að vinna sjálfstætt. Byggt er á hugmyndafræði vendikennslu eða „flipped classes“, þar sem innlögn til nemenda byggir á myndbandsbrotum sem tengjast innhaldi hvers námsþáttar fyrir sig.

Markmið verkefnisins eru að:

1. Glæða námsefnið lífi og gera það áhugaverðara.
2. Gera nemendum kleift að undirbúa sig betur undir kennslu.
3. Kynna námsefnið á stafrænu formi og gera það aðgengilegra bæði fyrir nemendur sem sækja námið hjá okkur, sem og þá sem kjósa að læra á sjálfstæðan hátt af eigin frumkvæði.

Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar. Verkefnið hófst vorið 2015 og er enn í vinnslu.

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Ársreikningur 2014



MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR
Á SUÐURNESJUM

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2015, efnahag þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjanesbær, 6. júní 2016

Deloitte ehf.


Anna Birgitta Geirfinnsdóttir

endurskoðandi

Staðfesting stjórnar

Ársreikningur Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. fyrir árið 2015 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum var stofnuð 10. desember 1997.

Markmið Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum er að efla endur- og símenntun Suðurnesjamanna, samstarf atvinnulífs og skóla og tengsl grunn- og endurmenntunar. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum býður einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum námskeið sem ekki heyra beint undir formlegt námsframboð skóla og er hér einkum átt við frístundánám og starfstengd námskeið og námskeiðaraðir. Kennslu í Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum er hagað þannig að hún hæfi fullorðnum.


Tap Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. á árinu 2015 nam kr. 3.227.422. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 121.427.885, bókfært eigið fé í árslok er kr. 102.138.737 og er eiginfjárhlutfall félagsins 84,1% samanborið við 89% í ársbyrjun.

Stjórn félagsins leggur til að tap ársins verði yrfært til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Það er álit stjórnar og forstöðumanns Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og forstöðumaður Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ses. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 6. júní 2016

Í stjórn



Kristín María Birgisdóttir
stjórnarformaður




Ellert Eiríksson



Kristján Ásmundsson



Guðbrandur Einarsson



Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir

Forstöðumaður



Guðjónína Sæmundsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrartekjur		261.402.572	221.701.103
Aðrar tekjur		5.382.924	5.398.210
Laun og annar starfsmannakostnaður	3	(131.800.331)	(105.468.269)
Annar rekstrarkostnaður		(131.294.229)	(118.538.584)
Afskriftir fastafjármuna	6	(7.544.257)	(7.996.390)
Rekstrartap		(3.853.321)	(4.903.930)
Fjármunatekjur	4	3.311.127	3.821.086
Fjármagnsgjöld	5	(2.685.228)	(1.180.128)
Tap ársins		(3.227.422)	(2.262.972)

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eignir	Skýr.	31.12.2015	31.12.2014
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	7.425.611	12.913.478
Fjárfestingarverðbréf	7	100.000	100.000
		<u>7.525.611</u>	<u>13.013.478</u>
Veltufjármunir	8		
Viðskiptakröfur		5.440.221	5.859.576
Aðrar skammtímakröfur		1.930.936	243.510
Handbært fé		106.531.117	99.286.766
		<u>113.902.274</u>	<u>105.389.852</u>
Eignir		<u>121.427.885</u>	<u>118.403.330</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	9		
Óráðstafað eigið fé		102.138.737	105.366.159
Eigið fé		<u>102.138.737</u>	<u>105.366.159</u>
Skammtímaskuldir	10		
Viðskiptaskuldir		9.089.957	5.783.155
Aðrar skammtímaskuldir		10.199.191	7.254.016
Skuldir		<u>19.289.148</u>	<u>13.037.171</u>
Eigið fé og skuldir		<u>121.427.885</u>	<u>118.403.330</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrartap		(3.853.321)	(4.903.930)
Afskriftir	6	7.544.257	7.996.390
Óbein niðurfærsla viðskiptakrafna, breyting		117.666	64.784
Veltufé frá rekstri án vaxta		3.808.602	3.157.244
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun		(1.385.737)	1.285.455
Rekstrartengdar skuldir, hækkun, (lækkun)		6.251.977	(11.403.022)
Handbært fé frá (til) rekstrar án vaxta		8.674.842	(6.960.323)
Innborgaðir vextir og arður		3.311.127	3.821.086
Greiddir vextir		(2.685.228)	(1.180.128)
Handbært fé frá (til) rekstrar		9.300.741	(4.319.365)
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	6	(2.056.390)	(2.417.074)
		(2.056.390)	(2.417.074)
Fjármögnunarhreyfingar			
		0	0
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár		7.244.351	(6.736.439)
Handbært fé í upphafi árs		99.286.766	106.023.205
Handbært fé í lok árs	8	106.531.117	99.286.766
Aðrar upplýsingar			
Veltufé frá rekstri	14	4.434.501	5.798.202